

TILLÖGUR UM BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM EFTIRLAUNASJÓÐS FÍA OG RÖKSTUÐNINGUR LAGT FRAM Á ÁRSFUNDI SJÓÐSINS 11. MAÍ 2016

Árið 2015 var farsælt ár fyrir Eftirlaunasjóð FÍA og skilaði sjóðurinn 12,53% raunávöxtun. Samhliða slíku ári í ávöxtun skilar sjóðurinn einnig góðri tryggingafræðilegri stöðu en tryggingafræðileg staða sjóðsins hefur farið jafnt og þétt batnandi hin síðustu ár og er nú svo komið að heildarstaða sjóðsins er 8,1% samanborið við 1,2% árið 2014. Vilji er hjá stjórn sjóðsins til að bregðast við bættri stöðu og auka réttindi sjóðfélaga. Hins vegar þarf að hafa í huga áform um að nýjar lífslíkur, sem byggja á framtíðarspá, verði notaðar næst við útreikning á skuldbindingum sjóðsins. Slíkt mun leiða til verulegrar aukningar á skuldbindingum og því nauðsynlegt að taka tillit til þess þegar skoðað er hversu mikið er hægt að auka réttindi.

Stjórn Eftirlaunasjóðs FÍA leggur til að áunnin réttindi allra sjóðfélaga verði aukin um 3% miðað við réttindi í árslok 2015. Sú breyting er sett fram aftast í samþykktum sjóðsins undir Viðauka II með eftirfarandi hætti:

IV. Réttindaaukning 2016

Lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga aukast um 3% miðað við réttindi í árslok 2015. Og kemur aukningin til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2016, í samræmi við kynningu á ársfundi EFÍA þann 11. maí 2016 í kjölfar tryggingafræðilegrar athugunar samkvæmt gr. 7.3. í samþykktum EFÍA. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem þessari aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir júlímánuð 2016.

Hafi ráðherra ekki samþykkt aukninguna fyrir framangreindar dagsetningar þá frestast framkvæmd aukningarinnar til fyrsta dags næsta mánaðar eftir að samþykki liggur fyrir.